

# AFRÍKA

## SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

# Fólk og fæða í borg og sveit

Magnfríður Júlíusdóttir

Árið 1968 birtust myndir af sveltandi börnum í Bíafra í Nígeríu inni í stofu hjá stórum hluta Íslendinga sem nýlega voru búnir að eignast sitt fyrsta sjónvarps-tæki. Allar götur síðan hefur fátækt, vannæring og hungur verið áberandi í umfjöllun fjölmiðla um Afríku sunnan Sahara. Árvissar safnanir hjálparstofnana og viðtöl við íslenska hjálparstarfsmenn hafa átt sinn þátt í að styrkja og viðhalda myndinni af hjálparþurfi fólki. Myndband með nýrri útgáfu af laginu *Hjálpum þeim*, sem kom út fyrir jólin 2005, er gott dæmi en í því var sýnt fólk frá Afríku þrátt fyrir að með söfnunarátakinu hafi átt að styrkja

fórnarlömb jarðskjálfta í Pakistan. Á síðustu árum hefur alnæmisfaraldurinn bæst við ímyndina af hörmungum íbúa Afríku sunnan Sahara.

Er ástandið svona slæmt eða sjáum við bara lítinn hluta heildarmyndarinnar? Er fæðuöryggi mismunandi eftir svæðum og hópum fólks? Hver er þróunin í landbúnaði í álfunni og hvaða þættir hafa áhrif á hana? Er ör fólksfjölgun meginvandamál álfunnar eða er sá fjöldi fólks sem deyr úr alnæmi að verða meira áhyggjuefni fyrir fæðuframléiðslu á sumum svæðum?

Meginviðfangsefni kaflans er þróun fólksfjölda og landbúnaðarframléiðslu í Afríku sunnan Sahara. Í rannsóknnum og pólitískri stefnumótun er umræðan um fólksfjölgun, fæðuframléiðslu og ágang fólks á náttúruna samtvinnuð. Hér verður lögð áhersla á umfjöllun um landbúnaðarframléiðslu þar sem stór hluti íbúa Afríku sunnan Sahara býr í sveitum og hefur meginlífsviðurværi sitt af landbúnaði. Fiskur úr sjó og vötnum er einnig stór hluti fæðunnar á vissum svæðum.

Í umræðu um aðgengi fólks að mat er mikilvægt að hafa í huga að vöxtur borga og þéttbýliskjarna er mikill í Afríku og þurfa íbúar þar að kaupa sér mat

eða fá hann hjá ættmennum í sveitunum. Framboð á mat á viðráðanlegu verði skiptir því höfuðmáli þegar horft er til fæðuöryggis borgarbúa.

Á árunum 1996 til 1997 vann ég að rannsókn í Zimbabve og tók viðtöl við yfir hundrað konur á mismunandi stöðum í austurhluta landsins. Frásagnir í kaflanum af högum fólks í Zimbabve eru byggðar á þeirri rannsókn.

### **Fjölbreytileiki byggðar og borgvæðing**

Í hugum margra renna lönd og þjóðir Afríku eflaust saman í eina óljósa mynd sem einkennist af sveitaþorpum. Þegar betur er að gáð er mikill munur á löndum hvað varðar stærð, fjölda íbúa og hve þéttbýl þau eru. Auk þess hefur íbúum, sem búa í bæjum og borgum af mismunandi stærð, fjölgað mjög síðustu áratugi og bjó yfir þriðjungur íbúa í Afríku sunnan Sahara í þéttbýli árið 2005. Ekkert lát er talið verða á borgvæðingunni á næstu áratugum og er því spáð að rúmur helmingur íbúanna muni búa í þéttbýli árið 2030. Í Norður-Afríku býr nú þegar helmingur íbúanna í þéttbýli.

Fjölbreytileikinn í stærð Afríkuríkja er mikill og má finna allt frá smáeyjum eins og Grænhöfðaeyjum (4033 km<sup>2</sup>), löndin Rúanda og Búrúndí, sem eru um fjórðungur af stærð Íslands (103 000 km<sup>2</sup>), til Súdans sem er rúmlega 2,5 milljónir km<sup>2</sup> að flatarmáli og þar með um 24 sinnum stærra en Ísland. Almennt má segja að löndin við suðurhluta Sahara-eyðimerkurinnar, oft nefnt Sahel-svæðið, séu víðfeðmust en stór lönd er einnig að finna sunnar, t.d. Alþýðulýðveldið Kongó, Suður-Afríku og Angóla.

Íbúar Afríku teljast vera um 965 milljónir árið 2007, þar af um 800 milljónir í Afríku sunnan Sahara. Þegar rýnt er í tölur um íbúafjölda einstakra ríkja sker Nígería sig úr sem langfjölmennasta ríkið með um 148 milljónir íbúa. Næstfjölmennasta ríkið er Eþíópía með nærri helmingi færri íbúa eða um 83 milljónir. Önnur fjölmenn ríki, þar sem fjöldinn er á bilinu 30-62 milljónir íbúa, eru Alþýðulýðveldið Kongó, Suður-Afríka, Tansanía, Súdan, Kenía og Úganda. Botsvana með 1,8 milljón íbúa og Namibía með tvær milljónir íbúa eru hins vegar strjálbýl og fámenn lönd. Síðar í kaflanum verður fjallað nánar um fyrir-sjáanlega fækkun íbúa í Botsvana vegna hárrar tíðni alnæmis.

Í samanburði við Vestur-Evrópu og stóran hluta Asíu er Afríka sunnan Sahara strjálbýlt svæði þegar horft er til fjölda íbúa og stærðar landsvæðis. Að meðaltali búa þar um 30 íbúar á ferkílómetra en mikill munur er á því hve löndin eru þéttbýl og einnig getur verið mikill munur eftir svæðum innan hvers lands. Þessi



Miðbær Mapútó, Mósambík.  
Ljós.: Gunnar Salvarsson

munur skýrist að stórum hluta af náttúrufarslegum aðstæðum en einnig af samfélagslegum þáttum sem fjallað verður um síðar.

Þar sem úrkoma og jarðvegur veita hagstæð skilyrði til landbúnaðar hefur í aldanna rás þróast fjölmenn landbúnaðarbyggð á meðan þurr svæði hafa tryggt mun færri fólki lífsafkomu. Þéttbýlustu löndin eru Rúanda og Búrúndí með um 300 íbúa á ferkílómetra og Úganda, Malaví, Gambía og Gana með um og yfir 100 íbúa á ferkílómetra.

Strjálbýlust eru löndin Namibía og Botsvana í Suðvestur-Afríku með tvo til þrjú íbúa á ferkílómetra eins og Ísland. Ræður þar mestu að í þeim ríkjum eru stór eyðimerkursvæði sem einnig á við um strjálbýl lönd á Sahel-svæðinu eins og Malí og Níger. Nefna má Keníu sem dæmi um land þar sem íbúabéttleiki og ræktunarskilyrði eru mjög breytileg eftir héruðum og er gott að hafa í huga að meðaltalstölur fyrir ákveðið land segja oft ekki nema hluta af sögunni.

Eins og áður var nefnt býr yfir þriðjungur íbúa Afríku sunnan Sahara í þéttbýli og þar mátti finna 36 stórborgir með yfir eina milljón íbúa í byrjun 21. aldar, auk margra fámennari borga og bæja. Suður-Afríka hefur nokkra sérstöðu en þar eru fimm milljónaborgir og rúmlega helmingur íbúa býr í þéttbýli (59%).

Lagos í Nígeríu er hins vegar langfjölmennasta borg Afríku sunnan Sahara með um 11 milljónir íbúa árið 2005. Í spám er gert ráð fyrir því að íbúafjöldinn

## MAGNFRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

verði kominn í 17 milljónir árið 2015 sem mun skipa Lagos í nýnda sæti á listanum yfir fjölmennustu borgir heims. Tæplega helmingur íbúa Nígeríu býr í þéttbýli, um 70 milljónir, þannig að ys og þys borgarlífsins einkennir mannlíf þar ekki síður en sveitalíf.

Almennt eru ríkin við Gíneuflóann í Vestur-Afríku með hærra hlutfall íbúa í þéttbýli en önnur svæði í Afríku sunnan Sahara. Það er breytilegt hvernig einstaka ríki skilgreina þéttbýli. Á Íslandi flokkast byggð þar sem búa 200 eða fleiri sem þéttbýli, en í Afríku er algengast að miða við 2000-5000 íbúa og að meirihluti þeirra starfi við annað en landbúnað.



Íbúahverfi í Kampala, Úganda.  
Ljós.: Gunnar Salvarsson

Misjafnt er eftir löndum hve stóran hluta af vexti borga má rekja til búferlaflutninga úr sveit í borg og hve mikið skýrist með náttúrulegri fjölgun, þ.e. fjölda fæðinga umfram dauðsföll. Algengt er að skiptingin sé nokkuð jöfn þó að fæðingartíðni sé yfirleitt lægri í borgum. Fólk á barneignaraldri er hins vegar meira áberandi í flutningsstráumnum frá sveitunum. Fæðingartíðni er hægt að setja fram á mismunandi vegu. Algengast er að sjá tölur um heildarfrjósemi, sem er

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

fjöldi barna sem kona fæðir á ævi sinni eða er líkleg til að eignast miðað við meðaltal fæðinga hjá mismunandi aldurshópum kvenna á tilteknu svæði. Einnig má sjá útreikninga á fjölda fæðinga á 1000 konur á barneignaraldri eða á 1000 íbúa (óháð kyni og aldri).

Í kjölfar örrar borgvæðingar í flestum löndum Afríku sunnan Sahara hefur verið tekist á um hvort gefa eigi málefnum borgarbúa forgang í þróunarverkefnum fremur en bættum lífskjörum í sveitum. Helstu rök með því að setja bætt lífskjör til sveita í forgang eru að þar býr enn meirihluti íbúanna og flestar kannanir sýni að til sveita sé fátækt hlutfallslega meiri og aðgengi að ýmiss konar þjónustu minni en í borgum. Einnig er bent á að bætt lífskjör til sveita geti hægt á flutningsstraumnum til borganna þar sem nýaðfluttra bíður oft á tíðum fátt annað en lélegt húsnæði og atvinnuleysi.

Erfiðleikar yfirvalda við að tryggja ört fjölgandi borgarbúum lágmarksþjónustu eru meginrök þeirra sem vilja að meira sé að gert til að bæta lífskjör og umhverfi borgarbúa. Mikill skortur er á húsnæði og atvinnutækifærum, aðgangur takmarkaður að vatni og orku, fæðuöryggi fátækra er ekki tryggt og mengun er víða alvarlegt vandamál. Í þessari umræðu eru einnig mismunandi skoðanir á því hverjir eigi að bera meginábyrgð á þjónustunni: ríkisvaldið, einstök sveitarfélög, einkaaðilar eða félagasamtök.

Í stórborgum Afríku má sjá mikla breidd í efnahagslegum kjörum sem birtist glögg t í mismunandi húsnæði íbúanna. Finna má allt frá óskipulögðum hverfum, þar sem fátækt fólk hefur komið sér upp húsnæði úr tilfallandi efni, yfir í lúxushverfi með stórum einbýlishúsum og gördum þar sem gjarnan eru smærri hús á lóðinni fyrir þjónustufólk. Háar og rammgerðar girðingar umlykja oft þessar glæsieignir og má líta á varnarvirkin sem arfleifð ótta aðfluttra Evrópubúa við heimamenn á nýlendutímanum.

Í þeim löndum í sunnan- og austanverðri Afríku, sem margir Evrópubúar fluttust til á nýlendutímanum, ríkti í raun aðskilnaðarstefna í borgunum sem skipt var upp í evrópsk og afrísk hverfi. Eftir að löndin fengu sjálfstæði hefur vaxandi hópur betur stæðra heimamanna flust inn í finni hverfin eða byggt eigin einbýlishús í nýjum hverfum. Í samtölum við Íslendinga, sem hafa ekki komið til Afríku, kemur fljótt í ljós að margir hafa ekki hugmynd um að þar býr fjöldinn allur af millistéttarfólki í ágætum einbýlishúsum í sívaxandi borgum.

### Vel stað borgarfjölskylda í Zimbabwe

Í næststærstu borg Zimbabwe, Bulawayo, búa hjónin Ngoni og Philip ásamt tveimur börnum sínum á grunnskólaaldri. Þau eru nokkuð dæmigerð miðstéttarfjölskylda sem er búin að koma sér vel fyrir í nýju einbýlishúsi í úthverfi borgarinnar. Í hlaðinu eru tveir bílar, jeppi og eldri smábíll. Lóðin er stærri en við eigum að venjast á Íslandi og stór hluti hennar er nýttur sem matjurtagarður. Þar sér vinnumaður um að rækta máis og grænmeti fyrir fjölskylduna og býr hann í litlum trékofa í garðinum. Þau eru einnig með vinnukonu í fullu starfi sem sinnir húsverkunum og sér um að koma börnunum af

stað í skólann á morgnana. Hún sefur í gestaherberginu en flytur sig á gólfíð til heimasættunnar þegar gestir koma í heimsókn. Vinnukonan er ekkja og á tvö börn sem eru hjá foreldrum hennar í sveitinni. Hún getur heimsótt börnin sín tvisvar á ári og megnið af launum hennar fer í að borga skólagöngu barnanna og aðstoða við heimili foreldra hennar. Laun vinnukonunnar eru 10% af launum Ngoni sem er grunnskólakennari í fullu starfi. Trevor er með viðskiptamenntun og vinnur hjá stórri byggingavöruverslun. Hann eignaðist dóttur áður en hann kvæntist og hefur borgað menntun hennar, m.a. dýrt háskólanám í Suður-Afríku. Skólaganga grunnskólubarnanna tveggja kostar líka sitt því þau eru bæði í



Ngoni og Philip með börnum sínum við heimilisjeppann.

Ljós.: Magnfríður Júlíusdóttir

finnum í sínu gamla heimili. Hún sefur í gestaherberginu en flytur sig á gólfíð til heimasættunnar þegar gestir koma í heimsókn. Vinnukonan er ekkja og á tvö börn sem eru hjá foreldrum hennar í sveitinni. Hún getur heimsótt börnin sín tvisvar á ári og megnið af launum hennar fer í að borga skólagöngu barnanna og aðstoða við heimili foreldra hennar. Laun vinnukonunnar eru 10% af launum Ngoni sem er grunnskólakennari í fullu starfi. Trevor er með viðskiptamenntun og vinnur hjá stórri byggingavöruverslun. Hann eignaðist dóttur áður en hann kvæntist og hefur borgað menntun hennar, m.a. dýrt háskólanám í Suður-Afríku. Skólaganga grunnskólubarnanna tveggja kostar líka sitt því þau eru bæði í


koma sér upp svipuðum, efnislegum gæðum og dæmigerð fjölskylda á Íslandi. Að fullkláruðu húsi er stefnan sett á að byggja sumarhús í heimasveit Trevor og njóta frítíma þar í nálægð við stórfjölskylduna. Trevor er næstelstur ellefu barna sem faðir hans átti með tveimur konum. Eftir að faðirinn lést er hann höfuð fjölskyldunnar ásamt elsta bróðurnum, sem einnig er vel staður borgarbúi. Saman hafa þeir kostað stærstan hluta af menntun yngri systkina sinna.

### Fátæk borgarfjölskylda í Zimbabve

Borgin Mutare í austurhluta Zimbabves, sem er á stærð við Reykjavík, er miðstöð þjónustu og stjórnsýslu í landshlutanum. Skammt frá rútu miðstöð borgarinnar er gamalt verkamannahverfi með litlum einbýlishúsum. Til að afla aukatekna hafa margir húseigendur byggt einfalda tréskúra með sex til níu fermetra herbergjum í garðinum sem þeir leigja út. Leigjendur hafa aðgang að vatnskрана og kamri á lóðinni. Í einu slíku herbergi býr Chipo með fjögur börn á aldrinum 1-11 ára. Hún bjó áður í höfuðborginni Harare með eiginmanni sínum sem dag einn tilkynnti henni að hann elskaði hana ekki lengur og yfirgaf síðan fjölskylduna. Chipo ákvað að flytja til Mutare með börnin þar sem æskuheimili hennar var í nágrenninu. Það var ekki valkostur að flytja í sveitina til móður hennar þar sem ekki var mögulegt að sjá fyrir börnunum þar. Hún leigir garðkofa og selur ávexti við rútustöðina frá tvö á daginn til tíu á kvöldin. Á morgnana er hún heima hjá yngstu börnunum á meðan þau eldri eru í ódýrum ríkisskóla. Þau taka síðan við umönnun yngri systkinanna á meðan móðirin aflar tekna fyrir fjölskylduna. Enginn stuðningur berst frá fyrrverandi eiginmanni sem er kominn með nýja konu. Móðir Chipo er sú eina sem hjálpar til með því að færa þeim maís úr sveitinni stöku sinnum og í staðinn fær hún salt og sykurlúgur úr borginni. Tekjur Chipos duga fyrir leigu, lágmarksfæði og skólagjöldum.

Föt eru keypt á börnin fyrir jólin og einnig um mitt ár ef salan gengur vel. Draumur hennar er að börnin fái 11 ára skólagöngu og öðlist í kjölfarið möguleika á betra lífi. Skólakerfið í

Zimbabve byggir á breskri fyrirmynd. Grunnskólinn er sjö ár og síðan tekur við sex ára framhaldsskóli sem hægt er að ljúka með áfangaprófi eftir fjögur ár. Það próf veitir innngöngu í ýmiss konar starfstengt nám eins og t.d. kennaranám og bifvélavirkjun. Kostnaður við nám og próftöku í framhaldsskóla reynist mörgum fjölskyldum ofviða en það er þó markmið flestra foreldra að reyna að tryggja börnum sínum a.m.k. 11 ára skólagöngu.



Chipo með yngstu börnin sín fyrir framan kofann sem hún leigir.

Ljósm.: Magnfríður Júlíusdóttir

## Sjónarhorn á þróun fólksfjölda

Oft heyrast áhyggjuraddir um hraða fólksfjölgun í Afríku og að hægt gangi að fá konur þar til að eiga færri börn. Til að átta sig á þessari umræðu er nauðsynlegt að setja hana í stærra samhengi. Ber þar hæst mikla fólksfjölgun á jörðinni á seinni hluta 20. aldar, sem hefur verið mest á þeim svæðum sem teljast minnst þróuð efnahagslega, og vaxandi áhyggjur af umhverfisáhrifum fólksfjölgunarinnar.

Fólki hefur fjölgað gríðarlega frá miðri 20. öld en þá var áætlað að íbúar jarðarinnar væru 2,5 milljarðar. Árið 2007 eru þeir orðnir 6,7 milljarðar. Aukningin er rúmum 4 milljarðar á 55 árum og árleg fjölgun hefur verið um 77 milljónir síðustu árin. Langflestir búa í Asíu, um 4 milljarðar, en um 965 milljónir í allri Afríku. Það var ekki fyrr en um nýliðin aldamót sem Afríkubúar urðu álíka margir og Evrópubúar, sem voru ríflega 300 milljónum fleiri en Afríkubúar árið 1950 en þá bjuggu 547 milljónir í Evrópu en aðeins 224 milljónir í Afríku. Í þessum samanburði er vert að minna á að Afríka er þrisvar sinnum stærrí en Evrópa og er því að meðaltali mun meira landsvæði á hvern íbúa í Afríku.

Það virðist valda mörgum áhyggjum að fólksfjölgun á heimsvísu síðustu áratugi hefur einkum verið í þeim hluta heimsins sem ýmist er nefndur „minna þróuð lönd“, „þróunarlönd“ eða „þriðji heimurinn“. Í löndum, sem oft eru nefnd „þróuð lönd“, „Vesturlönd“, eða „iðnríki“, bjuggu einungis 19% jarðarbúa árið 2005 og bæði í Evrópu og Japan stefnir í fólksfækkun á næstu áratugum vegna þess að árlega munu fleiri deyja úr elli en fæðast ef ekki verður uppsveifla í fæðingartíðni. Með nokkurri einföldun má því segja að síðustu áratugi hafi fólki fjölgað mest á lágtekjusvæðum heimsins. Dæmi finnast þó um lönd þar sem fæðingartíðni lækkaði mikið á sama tíma og þjóðartekjur voru lágar, t.d. Kína og Srí Lanka. Sambandið á milli efnahagsþróunar og fólksfjöldaþróunar er ekki einfalt og bæði í fræðilegum skrifum og á pólitískum vettvangi hefur verið deilt um hvaða leiðir séu vænlegastar til að draga úr fólksfjölgun.

Á fyrstu alþjóðlegu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fólksfjölda og þróun árið 1974 lögðu fulltrúar margra þriðja heims landa áherslu á að almenn samfélagsþróun væri besta getnaðarvörnin. Þeim líkaði ekki sú ofuráhersla sem fulltrúar ýmissa Vesturlanda og alþjóðastofnana lögðu á að bregðast skjótt við svokallaðri fólksfjöldasprengingu með dreifingu nútímalegra getnaðarvarna til allra hjóna í þriðja heiminum. Til þeirra teljast ýmis hormónalyf eins og t.d. pillan, sem kom á markað upp úr 1960, en einnig má nefna lykkjuna, smokkinn og

ófrjósemisaðgerðir. Var talið brýnt að bregðast hratt við fólksfjölguninni vegna vaxandi áhygna af áhrifum hennar á náttúruauðlindir.

Áhrifamikil reiknilíkön frá áttunda áratugnum sýndu að með sömu þróun liði ekki á löngu uns manneskjan yrði búin að eyða þekktum birgðum af olíu og ýmsum málum. Sífellt meira yrði gengið á skóga, land, vatn og dýralíf til að fæða og hýsa allt fólkið.

Framtíðarspá þeirra svartsýnustu lýsti hrúni vistkerfis, ásamt hungri og átökum um náttúruauðlindir. Þessar hugmyndir eru kenndar við ný-Malthusar-sinna. Grunnhugmyndin er rakin til skosks prests að nafni Thomas Malthus sem skrifaði greinar um aldamótin 1800 um líklegar afleiðingar mismunar á hraða fólksfjölgunar og aukningar á framleiðslu matvæla. Hann hafði sérstakar áhyggjur af barnafjölda í fátækum fjölskyldum og varaði efnada samtímamenn sína við of miklum stuðningi við þær, t.d. í formi laga um stuðning frá ríkinu. Malthus boðaði skírlífi og seinkun hjónabanda sem lausn á fjölgun (fátæks) fólks. Hjá ný-Malthusarsinum er megináhersla hins vegar lögð á að hafa hemil á fólksfjölgun í fátækari löndum með getnaðarvörnum.

Í fræðilegum skrifum um samband fólksfjölgunar og fæðuframboðs hafa meginrök gegn hugmyndum Malthusar komið frá þeim sem benda á að manneskjan hafi ávallt getað aukið fæðuframboð í takt við fólksfjölgun. Með nýrri tækni, t.d. áveitum, tækjum, áburði, skordýraeitri, kynbótum og genabreytingum, hafi framleiðsla matvæla margfaldast. Bjartsýni ríkir á getu fólks til að leysa aðsteðjandi vanda með tækninýjungum. Einnig er bent á að flutningatækni og alþjóðleg viðskipti með mat hafi gjörbreytt aðstæðum síðan Malthus sat við skriftir. Samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) geti heimsframleiðsla á mat mettað alla nú og dugir jafnvel til að mæta þörfum nokkurra milljarða í viðbót. Upplýsingar um framleiðslugetu á matvælum á heimsvísu og skiptingu tekna hafa rennt stoðum undir það sjónarhorn að meginorsök fæðuskorts sé efnahagsleg og pólitísk misskipting, bæði innan ríkja og á milli ríkja.

Nánar verður fjallað um þróun í fæðuframleiðslu og fæðuöryggi í Afríku síðar í kaflanum en fyrst verður fjallað um fólksfjöldaþróun í afrísku samhengi. Mikilvægt er að fjalla um skörun umræðunnar um fólksfjölgun og fæðuöflun því þessi mál eru oft samtvinnuð á þeim myndum sem birtast okkur frá Afríku sunnan Sahara. Hér er átt við myndir af miklum mannfjölda í búðum hjálparstofnana sem deila út mat á neyðartímum. Vannærð börn eru eftirsóttasta myndefnið og í

bakgrunni er gjarnan sýnd skrælnuð jörð. Slíkar myndir styðja við sjónarhorn ný-Malthusarsinna um að eitt helsta vandamál samtímans sé að fátækt fólk eigi fleiri börn en það getur ráðið við að framfleyta sómasamlega í viðkvæmu náttúru-umhverfi.

### Barneignir og samfélagsþróun

Hröð fólksfjölgun í þriðja heiminum, þ.m.t. Afríku sunnan Sahara, er oft rakin til átaks gegn ungbarnadauða. Verulegur árangur náðist m.a. með nýjum bólu-efnum, lyfjum og ungbarnaeftirliti, sérstaklega á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Um miðja 20. öldina dó um fjórða hvert barn í heiminum fyrir fimm ára aldur. Í byrjun 21. aldar er áætlað að 86 af 1000 fæddum börnum deyi fyrstu árin en í Afríku sunnan Sahara er meðaltalið 173 börn af 1000. Dánartíðni ungbarna í Afríku sunnan Sahara lækkaði með svipuðum hætti og í sunnanverðri Asíu en síðan dró úr árangri í Afríku, sérstaklega eftir 1990. Mun hægar dró úr fæðingartíðni en dánartíðni barna og komust því fleiri börn á fullorðinsár. Fyrir fjölgun skiptir mestu máli að mun fleiri konur náðu nú barneignaraldri og jafnvel þó að þær eignuðust í mörgum tilfellum færri börn en mæður þeirra var fjölgun óumflýjanleg.

Þau atriði sem mestum tölfræðilegum upplýsingum hefur verið safnað um líf kvenna í Afríku snúa að barneignum, getnaðarvörnum og umönnun ungbarna. Skýrist það af áherslum í þróunarstarfi um að lækka ungbarnadauða og draga úr fæðingartíðni.

Sömu málefni hafa líka verið mikið rannsökuð í Asíu og gefa niðurstöður til kynna sterkt samband á milli tíðni ungbarnadauða og fjölda barna sem konur á tilteknu svæði eignast. Skýringin er sú að ef foreldrar þekkja það af eigin reynslu eða úr nánasta umhverfi að líkurnar á að börn deyi séu miklar reyna þeir að eignast fleiri börn í von um að einhver þeirra lifi fram á fullorðinsár. Ef tekst til fram-búðar að vinna bug á sjúkdómum og fæðuskorti sem ógnað hafa lífi barna fara foreldrar smám saman að treysta því að börn þeirra lifi af og því sé ekki ástæða til að eignast jafn mörg börn og áður til að auka líkur á því að eignast afkomendur. Í ljósi þessa er hægt að taka undir orð fulltrúa þriðja heims ríkja um að bætt lífskjör séu besta getnaðarvörnin. Trú á að börnin lifi af þarf að vera til staðar áður en fólk almennt tekur sjálfviljugt við tilboðum um getnaðarvarnir.

Rannsóknir á mörgum afrískum samfélögum sýna að löngu áður en bólu-efnin komu til álfunnar var ýmsum aðferðum beitt til að auka lífslíkur barna.

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

Mikil áhersla var lögð á langa brjóstgjöf og enn í dag er víða algengt að börn séu á brjósti í 18-24 mánuði. Lögð var áhersla á að konur yrðu ekki þungaðar á meðan þær væru með barn á brjósti og það dró úr fæðingartíðni. Bætt heilsa mæðra og barna var meginástæða þess að reynt var að lengja bil á milli barna. Ýmis gagnleg þekking var því fyrir hendi áður en Evrópubúar komu á svæðið og dæmi eru um að vestræn áhrif á nýlendutíma hafi hreinlega leitt til hækkunar á fæðingartíðni, t.d. í Keníu. Trúboðar beittu sér gegn bæði fjölkvæni og kynlífi fyrir hjónaband og talið er að það hafi leitt til lækkunar giftingaraldurs og að hver kona eignaðist fleiri börn. Samanburður á fjölkvænis- og einkvænis-hjónaböndum hefur sýnt að hver kona í fjölkvænishjónabandi á að meðaltali færri börn en kynsystir hennar í einkvænishjónabandi.

Þrátt fyrir að barneignir utan hjónabands hafi aukist í sumum löndum, einkum í sunnanverðri Afríku, hefur gifting og fæðing fyrsta barns í kjölfarið verið algengasta mynstrið. Hækkun giftingaraldurs leiðir því oftast til lækkunar fæðingartíðni þar sem konurnar byrja seinna að eignast börn og eru líklegri til að hafa meiri menntun og ákvörðunar-rétt um barneignir en þær sem giftast mjög ungar. Á meginlandi Evrópu var hár giftingaraldur helsta aðferð samfélaga til að draga úr fæðingartíðni á þéttbýlum landbúnaðarsvæðum fyrir á öldum.

Í dag er algengast að konur í Afríku sunnan Sahara eignist sitt fyrsta barn á aldrinum 18-21 árs og ekki er mikill munur á löndum með háa og lága fæðingartíðni hvað varðar tíðasta aldur frumbyrja. Meiri munur er sjáanlegur þegar skoðað er hve stór hluti stúlkna á aldrinum 15-19 ára eru giftar. Í lok 20. aldar voru það um 62% í Níger en 3,4% í Suður-Afríku en þó munandi bara rúmu ári á tíðasta aldri við fyrstu fæðingu.



Tatenda frá Zimbabve alsæl með annað barn sitt.  
Ljóssm.: Magnfríður Júlíusdóttir

## MAGNFRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

Í þróunarmarkmiðum nú til dags er mikil áhersla lögð á að auka skólagöngu barna, einkum stúlkna. Almenn sátt virðist vera um að það sé forgangsverkefni og skýrist það m.a. af því að ýmis sjónarhorn mætast í stuðningi við menntun stúlkna. Eitt er krafan um aukna áherslu á jafnrétti kynjanna í þróunarstarfi sem fengið hefur meira vægi í starfi alþjóðastofnana frá kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna, 1975-1985. Annað tengist beint umfjöllun um dánartíðni barna og fæðingartíðni. Rannsóknir sýna að aukin menntun kvenna stuðlar bæði að lækkun á dánartíðni barna og fæðingartíðni. Mestu máli virðist skipta að stúlkur fari í framhaldsskóla til að draga úr fæðingartíðni.

Eins og áður kom fram leiðir lengri skólaganga til hækkandi giftingaraldurs, en hún er einnig talin auka hlut kvenna í ákvörðun um barneignir og bæta möguleika þeirra á formlegum atvinnumarkaði. Það fer síðan eftir reglum um fæðingarorlof og framboði á aðstoð við umönnun barna hversu vel konum tekst að samrýma barneignir og formlega þátttöku á vinnumarkaðinum.

Í Afríku, eins og víðast annars staðar í heiminum, eiga konur sem búa í þéttbýli að meðaltali færri börn en konur til sveita. Ræðst það af samverkan þeirra áhrifaþátta sem nefndir hafa verið, þ.e. betra aðgengi að heilsugæslu og lægri ungbarnadauða í borgum, herra menntunarstigi og því að oft á tíðum er erfitt að samræma störf og umönnun barna í borgum.

Í viðtölum mínum við konur í formlegum störfum í borginni Mutare í Zímbabve kom fram að þær áttu rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi en aðeins þrisvar í sama starfi. Sterk hefð fyrir brjóstagjöf var viðurkennd í kjarasamningum þar sem þær fengu hálf tíma lengra matarhlé ef þær voru með barn á brjósti. Mikið framboð á lágt launuðum vinnukonum auðveldaði konum í formlegu starfi að samrýma fullt starf og ábyrgð á heimili og börnum. Framtíðarkostnaður við menntun barna var einna helst nefnt sem ástæða fyrir því að vilja ekki eiga of mörg börn, bæði hjá borgarkonunum og yngri konum til sveita.

Zímbabve er á meðal landa í Afríku þar sem fæðingartíðnin hefur lækkað hratt síðustu 30 árin. Konur þar eignuðust að meðaltali um átta börn í kringum 1970, en tæplega fjögur í byrjun 21. aldar. Á árunum 2000-2005 var heildarfrjósemi orðin færri en fjögur börn á konu í sjö öðrum löndum. Þessi lönd eru Svasíland, Lesótó, Grænhöfðaeyjar, Gabon, Botsvana, Namibía og Suður-Afríka, þar sem hún er lægst eða 2,8 börn á konu. Á hinum enda kvarðans eru Gínea-Bissá og Níger með heildarfrjósemi yfir 7 börn á konu.

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

Heildarfrjósemi fyrir Afríku sunnan Sahara er tæp fimm börn á konu sem er hæsta meðaltal fyrir heimshluta í dag. Til samanburðar er tíðnin komin niður í 3,8 börn í ríkjum sem flokkuð eru sem arabaríki en mörg þeirra eru í Norður-Afríku. Á Íslandi er frjósemin tvö börn á konu en á 20. öldinni var fæðingartíðnin hæst rúm fjögur börn á konu árin 1956-1960.

Eins og tölurnar hér að framan sýna er fæðingartíðni í Afríku mjög mismunandi eftir ríkjum og þarf að horfa á samspil fjölmargra þátta til að skýra hvers vegna dregið hefur mismikið úr barneignum eftir löndum síðustu áratugi. Í Zimbabve hafði hröð uppbygging heilbrigðis- og skólakerfis, eftir að landið fékk sjálfstæði árið 1980, mikil áhrif á lækkun fæðingartíðni. Almennt virðist samfélagsþróun á níunda áratugnum hafa byggt upp trú á menntun sem leið til betri lífskjara. Því unga fólki af afrískum uppruna, sem hafði átt kost á skólagöngu á vegum trúboðsfélaga á nýlendutímanum, opnuðust margir atvinnumöguleikar þegar landið fékk sjálfstæði. Stöður losnuðu þegar hluti íbúa af evrópskum uppruna yfirgaf landið og vöxtur opinberrar þjónustu skapaði mörg ný störf á formlegum vinnumarkaði. Þetta fólk myndaði nýja millistétt í landinu og varð fyrirmynd um að í menntun fælust tækifæri og bætt kjör í breyttu samfélagi. Skýring á almennri trú á menntun og störfum utan landbúnaðar, sem leið til betri kjara, réðst líka af ótryggu lífskjörum til sveita þar sem meirihluti afrískra íbúa bjó við þröngan kost eftir yfirtöku evrópskra landnema á besta ræktarlandinu á nýlendutímanum.

Eftir að Zimbabve fékk sjálfstæði var fólk hvatt til að senda bæði stúlkur og drengi í skóla en áður var algengast að elstu synirnir nytu forgangs í menntun. Í hjónaböndum yngra fólks nú til dags er algengt að bæði hjónin séu með álíka langa menntun að baki. Ung hjón eru líklegri til að búa í þéttbýli, fjarri daglegum áhrifum eldri fjölskyldumeðlima í sveitinni og hafa oft á tíðum aðrar væntingar um efnisleg lífsgæði fyrir sig og börn sín.

Upp úr 1995 fór efnahagsástand versnandi í Zimbabve og líklegt er að sú kreppa hafi stuðlað að frekari aðhaldi í barneignum hjá ungu fólki sem er vel meðvitað um kostnaðinn við að veita börnum góða menntun. Hugarfarsbreytingunni, sem sjá mátti í Zimbabve, er stundum lýst með orðunum „gæði frekar en magn“, þ.e. að í kjölfar samfélagsbreytinga, eins og þéttbýlismyndunar og almennrar menntunar, komi til kostnaður vegna barna sem ekki var fyrir hendi í landbúnaðarsamfélaginu. Þar voru börnin mikilvægt vinnuafli og sáu um foreldra sína í ellinni. Í breyttu samfélagi þýðir menntun gæði sem vonast er til að gefi ný tækifæri.

## Aldur, kyn og fólksfjöldaþróun í kjölfar alnæmis

Í kjölfar þess að tíðni ungbarnadauða lækkaði mun hraðar en fæðingartíðni hefur fólki fjölgað og nú er hátt hlutfall íbúanna börn og ungmenni. Árið 2004 voru um 42% íbúa landa í Afríku sunnan Sahara yngri en 15 ára en einungis 5% voru 60 ára og eldri. Til samanburðar var um helmingi lægra hlutfall íbúa á Íslandi undir 15 ára aldri (22,3%) og tæp 16% voru 60 ára og eldri. Mikill fjöldi barna í flestum Afríkurríkjum setur þrýsting á stjórnvöld um uppbyggingu skólakerfisins og að fjölga leiðum til framfærslu í landbúnaði og öðrum greinum.

Í allri umræðu um háa tíðni alnæmissmits í Afríku sunnan Sahara og áhrif þess m.a. á fólksfjöldaþróun er mikilvægt að hafa framangreinda aldursamsetningu í huga þar sem í flestum tilfellum eiga tölur um tíðni smits við aldurshópinn 15-49 ára eða 15 ára og eldri. Því er ekki rétt að segja að t.d. 20% íbúa tiltekens lands séu smituð þegar í raun er verið að áætla tíðnina hjá tilteknum aldurshópi. Eitt af forgangsverkefnum í baráttunni gegn alnæmi í Afríku er að hindra að hinn stóri hópur ungmenna smitist þegar þau byrja að stunda kynlíf.

Samkvæmt rannsóknum í sunnan- og austanverðri Afríku eru ungar konur á aldrinum 16-24 ára í mestri hættu á að smitast af alnæmi í mörgum samfélögum og tíðni smits er jafnvel þrisvar sinnum hærri hjá ungum konum en ungum karlmonnum. Það er m.a. rakið til þess að þær séu oft með mun eldri mönnum, ýmist eiginmönnum eða kærustum. Minni aðgangur kvenna að efna-hagslegum björgum, t.d. að landi til ræktunar og atvinnu, er talin mikilvæg skýring á því mynstri.

Í árslok 2004 var áætlað að af um 25 milljónum alnæmissmitaðra í Afríku sunnan Sahara væru 57% konur. Það eru því fleiri ungar konur en karlar sem deyja á svæðum þar sem alnæmi er útbreiddast, en hins vegar er ekki að finna í Afríku þá mismunun gegn stúlkubörnum sem kemur fram í hærri ungbarnadauða meðal stúlkna í sumum löndum Asíu.

Gríðarlegur munur er á tíðni alnæmissmits eftir löndum og svæðum í Afríku sunnan Sahara. Áætlað er að innan við 5% af aldurshópnum 15-49 ára séu smituð í flestum löndum á Sahel-svæðinu og í Vestur-Afríku en í sex löndum syðst í álf-unni eru yfir 20% íbúa í þessum sama aldurshópi smitaðir. Verst er ástandið í Svasílandi og Botsvana þar sem meira en þriðji hver einstaklingur á besta vinnu-aldri er smitaður. Á þessu svæði er nú svo komið að flest dauðsföll eru í aldurs-hópnum 30-39 ára og 60% þeirra sem létust á fyrstu fimm árum þessarar aldar voru á aldrinum 20-49 ára. Þetta er mikil breyting frá því fyrir 20 árum þegar

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

dánartíðnin var hæst hjá börnum yngri en fimm ára og fólki yfir sextugt. Þessi háa dánartíðni ungs fólks hefur snúið við þeirri jákvæðu þróun hækkandi lífslíkna sem náðst hafði með lækkun á dánartíðni ungbarna. Í Botsvana voru lífslíkur komnar upp í 65 ár á tímabilinu 1985-1990 en þær hafa nú hrapað niður í 37 ár. Því er spáð að íbúum fari brátt að fækka ef ekki verður aukning í aðflutningi til landsins. Ekki er gert ráð fyrir almennri fólksfækkun í sunnanverðri Afríku á næsta áratugi þrátt fyrir háa dánartíðni af völdum alnæmis. Hins vegar er talið að fjölgunin verði aðeins um 600 þúsund í stað 17 milljóna sem búast hefði mátt við án alnæmis.



Ungt fólk í Mapútó, Mósambík.  
Ljósm.: Gunnar Salvársson

Engin ein skýring er á því hvers vegna alnæmi er útbreiddast í sunnanverðri álfunni. Þegar horft er til nýlendusögunnar í Afríku er þó vert að hafa í huga að þessi hluti Afríku einkenndist af landtöku Evrópubúa og námuvinnslu sem byggðist á vinnu farandverkamanna sem sóttir voru víða af svæðinu. Mikill hreyfanleiki fólks, langtímaaðskilnaður hjóna og upplausn í hefðbundnu fjölskyldulífi er því ein möguleg skýring. Mörg landanna koma vel út í samanburði innan álfunnar á

## MAGNFRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

algengum efnahagslegum mælikvörðum eins og þjóðartekjum á mann og hagvexti. Hins vegar einkennast þau af mjög ójafnri tekjudreifingu og margir búa við mikla fátækt og skert aðgengi að heilsugæslu og alnæmislyfjum en þau lyf drógu verulega úr dánartíðni alnæmissmitaðra á Vesturlöndum eftir 1995.

Viðbrögð flestra stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins við alnæmisfaraldrinum hafa verið ófullnægjandi og var ekki brugðist við nógu skjótt. Það skýrir að hluta þann mikla vanda sem skapast hefur í kjölfar veikinda og dauðsfalla hjá stórum hópum fólks á besta aldri, en þeir hópar eru burðarás í framleiðslu og umönnun í samfélögunum.

Ofangreind þróun hefur veruleg áhrif á landbúnað og fæðuframleiðslu. Matvæla- og landbúnaðarstofnunin (FAO) áætlar að vinnandi fólki í landbúnaði fækki mikið vegna alnæmis í þeim löndum þar sem tíðni sjúkdómsins er hæst. Í nýu löndum í sunnan- og austanverðri Afríku er því spáð að á tímabilinu 1985-2020 muni vinnuafli í landbúnaði dragast saman um 13-26% af völdum faraldursins. Í 27 löndum álfunnar er áætlað að sjö milljónir bænda og verkafólks, sem störfuðu í landbúnaði, hafi látist úr alnæmi í lok 20. aldar og að 16 milljónir til viðbótar deyi á fyrstu tveimur áratugum 21. aldar.

Rannsóknir á áhrifum alnæmistengdra veikinda og dauðsfalla á uppskeru einstakra smábýla sýna að framleiðsla minnkar um helming og minni matur verður í boði fyrir heimilisfólkið. Það er alvarleg staðreynd í ljósi þess að góð og fjölbreytt næring er mjög mikilvæg fyrir líðan alnæmissmitaðra og hefur áhrif á lífslíkur þeirra. Tíðar jarðarfari taka líka tíma frá vinnu og ganga oft á húsdýraeign smábænda þar sem mikið er lagt upp úr því að veita jarðarfargestum vel í mat í flestum afrískum samfélögum.

Annar sjúkdómur, sem víða dregur úr vinnuafköstum í landbúnaðarframleiðslu í Afríku sunnan Sahara, er malaría. Mest vinnuálag við ræktun er á árstíðabundnum regntíma en það er einnig sá tími þegar moskítóflugur eru algengastar en þær bera með sér malaríusmit. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) búa um 66% íbúa Afríku á svæðum þar sem hætta er á malaríusmiti og áætlað er að fjöldi þeirra sem smitast árlega sé á bilinu 200-300 milljónir.

### **Þróun í landbúnaði og fæðuframboði**

Í alþjóðlegri stefnumótun í þróunarsamvinnu í upphafi 21. aldar, svokölluðum þúsaldarmarkmiðum, er sjónum m.a. beint að þróun landbúnaðar þar sem meirihluti fátækra í heiminum býr til sveita. Til að ná markmiðum um að

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

draga úr fátækt og skorti er því talið forgangsatriði að auka tekjur og framleiðni fátækra bænda.

Þrátt fyrir öra borgvæðingu í Afríku sunnan Sahara hafa um 70% íbúa þar meginlífsviðurværi sitt af landbúnaði. Á sama tíma er áætlað að um þriðjungur íbúanna sé vannærður sem vekur upp spurningar um hvers vegna svo margir fái ekki nægilega mikinn og fjölbreyttan mat þegar meirihluti íbúanna vinnur við ræktun af ýmsu tagi. Einhverjir telja sig sjálfsagt hafa einfalt svar við þessari spurningu, þó að í raun sé um samspil margra þátta að ræða. Oft má rekja einföldu svörin til afmarkaðs sjónarhorns fræðigreina og hugmyndafræði eða hrein-



Fjallaborg í Lesótó.  
Ljós.: Geir Oddsson

lega fordóma sem byggjast á vanþekkingu. Fyrsti dómurinn á Íslandi vegna niðrandi ummæla um hóp fólks af tilteknum uppruna eða kynþætti snerist um fordómafulla skýringu á matarskorti í Afríku í blaðaviðtali árið 2001. Leti við fæðuframleiðslu var hin einfalda og fordómafulla skýring.

Hér gefst aðeins rými til að draga fram nokkur atriði í viðamikilli umfjöllun um þá þætti sem hafa áhrif á þróun landbúnaðar, fæðuframleiðslu og aðgengi að

## MAGNFRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

mat í Afríku sunnan Sahara. Efasemdir um að landbúnaður í Afríku sunnan Sahara geti fætt íbúana og tal um kreppu í fæðuframléiðslu hafa reglulega heyrst í fræðilegri umræðu og fjölmiðlum. Vissulega eru fjölmörg dæmi um að skapast hafi tímabundið neyðarástand í matarframboði á tilteknum svæðum. Þegar heildarmyndin yfir aukningu í landbúnaðarframléiðslu og fólksfjölgun síðustu áratugi er skoðuð vantar hins vegar ekki mikið upp á að framléiðniaukning hafi náð að halda í við fólksfjölgunina. Það mat er byggt á tölfræðilegum gögnum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Hafa ber í huga að upplýsingarnar eru ekki nákvæmar þar sem stór hluti matvælaframléiðslunnar fer til heimilisneyslu eða er seldur eftir óformlegum leiðum. Þær tölur, sem unnið er með, byggjast því á könnunum á uppskeru á tilteknum stöðum og því sem selt er eftir formlegum leiðum.

Fæðuframléiðsla á mann virðist hafa dregist meira saman á árunum 1990-2000 í austan- og sunnanverðri Afríku en í öðrum hlutum álfunnar. Skýringuna er m.a. að finna í verstu þurrkum aldarinnar á því svæði sem voru í byrjun tíunda áratugarins. Úttekt á þróun landbúnaðar í Vestur-Afríku á tímabilinu 1960-2000 sýnir að í stað kreppuástands væri nær að tala um miklar framfarir sem ein-kenndust af því að bændur væru duglegir að bregðast við breyttum aðstæðum og nýta sér nýja markaði. Í flestum löndum hafði bæði heildaruppskera og uppskera á einingu lands aukist þrátt fyrir að aðstæður hafi oft verið erfiðar, t.d. þurrkar, engisprettufaraldrar, stríðsátök og samdráttur í opinberum stuðningi.

Dæmi um nýja markaði eru ræktun til útflutnings, t.d. aukning í bómullarframléiðslu og ræktun grænmetis, en einnig vaxandi eftirspurn innanlands í kjölfar hraðrar borgvæðingar í sumum löndum.

Afríka kemur líklega fyrst upp í huga margra þegar minnst er á innflutning á mat í formi neyðaraðstoðar. Þegar skoðuð er skipting slíkrar aðstoðar eftir heimshlutum á tímabilinu 1994-2004 sést hins vegar að langstærstur hluti matvælaaðstoðarinnar fór til Asíulanda. Eru Afganistan, Norður-Kórea og Filippseyjar meðal þeirra landa sem fengu mesta matvælaaðstoð á þeim tíma.

Átök og straumur flóttamanna í kjölfarið eru í vaxandi mæli skýring á þörf fyrir neyðaraðstoð vegna matvælaþess í Afríku. Angóla og Alþýðulýðveldið Kongó eru dæmi um lönd þar sem mikinn innflutning matvæla í byrjun 21. aldar má rekja til stríðsátaka. Tölur um hlutfall vannærðra íbúa styðja þá skýringu en í Afríku var það einna hæst í Alþýðulýðveldinu Kongó í byrjun aldarinnar eða 71%. Í Eþíópíu og Búrúndí var hlutfall vannærðra álíka hátt og sam-

## Afrískt hugvit í þágu fátækra bænda – NERICA-hrísgrjón

Árið 2004 hlaut dr. Monty Jones frá Síerra Leóne æðstu verðlaun á sviði matvælaþróunar, Alþjóðlegu matvæla-verðlaunin, fyrstur afrískra vísindamanna. Þessi verðlaun hafa verið veitt árlega frá árinu 1986 og er talað um þau sem Nóbelsverðlaun á sviði matvæla- og landbúnaðarrannsókna. Markmiðið með veitingu þeirra er að verðlauna verkefni sem stuðla að auknu framboði og gæðum matvæla í heiminum. Jones hlaut verðlaunin fyrir vinnu að þróun nýrra hrísgrjónaafbrigða við Afrísku hrísgrjónastofnunina (WARDA), sem hefur aðsetur í Benín. Miklar vonir eru bundnar við að nýju afbrigðin, svonefnd NERICA-hrísgrjón, auki uppskeru og öryggi í ræktun hjá afrískum smábændum, en þau sameina kosti afrískra og asískra hrísgrjóna.

Eflaust tengja flestir hrísgrjónarækt við Asíu en hrísgrjón eru einnig ein af upprunalegum korntegundum í Afríku. Er talið að afrísku hrísgrjónin (lat. *oryza glaberrima*) hafi verið ræktað af Afríkubúum í um 3500 ár. Fyrir tæpum 500 árum voru asísk hrísgrjón (lat. *oryza sativa*) flutt til Afríku og þróunin varð sú að ræktun afrísku hrísgrjónanna lagðist nánast af þar sem asísku hrísgrjónin gáfu meiri uppskeru við kjöraðstæður. Um 20 milljónir smábænda, mest konur, rækta hrísgrjón í Vestur- og Mið-Afríku og býr meirihluti þeirra hvorki við náttúrufarslegar kjöraðstæður til ræktunar né hefur efni á að kaupa aðföng eins og áburð og skordýraeitur. Um 40% hrísgrjónaræktunar á framangreindu svæði, sem talað er um sem hrísgrjónabelti Afríku, eru háð regnvatni og er land rutt fyrir nýja hrísgrjónaakra á nokkurra ára fresti. Fyrstu afbrigði NERICA-hrísgrjóna voru þróuð með smábændur í huga og helstu kostir þeirra eru:

- Fá má 50% meiri uppskeru án þess að nota áburð (1,5 tonn á hektara í stað eins áður). Með litlum áburði næst 200% aukning.
- Aukið þol gegn staðbundnum áhættuþáttum í ræktun eins og þurrkum og sjúkdómum. Einnig er minni þörf á hreinsun illgresis sem sparar mikla og lýjandi vinnu við ræktunina.
- Ræktunartími er 30-50 dögum styttri og próteinmagn hærra.

Fólksfjölgun og borgarvæðing síðustu áratuga hefur aukið gríðarlega eftirspurn eftir hrísgrjónum í Vestur- og Mið-Afríku þar sem ársneyslan er nú um átta milljónir tonna. Aukningin er um sjö milljónir tonna frá 1960. Til að anna eftirspurn á svæðinu þarf að flytja inn um þriðjung hrísgrjónanna árlega og kostar það um einn milljarð Bandaríkjadali. Ef vel tekst til með núverandi átaki í útbreiðslu NERICA-hrísgrjónanna er vonast til þess að bændur á svæðinu geti annað eftirspurn á heimamarkaði og þar með aukið fæðuöryggi þessa heimshluta og jafnframt aukið tekjur sínar.

## MAGNFRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

anlagt var um þriðjungur vannærðra íbúa Afríku sunnan Sahara í Alþýðulýðveldinu Kongó og Eþíópíu. Vannæring var hins vegar langt undir meðaltali í þeim löndum sem mest fluttu inn af landbúnaðarafurðum, Nígeríu og Suður-Afríku. Bæði þessi fjölmennu ríki hafa sterka efnahagslega stöðu innan álfunnar og hafa hæst hlutfall íbúa í þéttbýli eins og nefnt var fyrr í kaflanum.

Ástæður aukins innflutnings á matvælum í kjölfar borgvæðingar eru m.a. þær að við flutninga úr sveitum fækkar þeim sem vinna við landbúnað og vélvæðing hefur ekki komið í staðinn. Breyttur matarsmekkur borgarbúa getur einnig aukið eftirspurn eftir matvælum sem lítið eða ekkert er framleitt af í heimalandinu. Dæmi um slíkt er innflutningur hrísgrjóna og hveitis til Zimbabves.

Síðustu fjóra áratugi hefur útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða frá Afríku sunnan Sahara yfirleitt verið umtalsvert meiri en kostnaður við innflutning búvöru. Nánast eina undantekningin á þessu tímabili er upphaf tíunda áratugarins þar sem saman fóru miklir þurrkar og umbreytingar á opinberu stuðningskerfi við landbúnað í sunnan- og austanverðri álfunni. Á nýlendutímanum voru afrískir bændur hvattir og studdir til að rækta tegundir til útflutnings sem nýlenduveldin höfðu áhuga á sem hráefni í framleiðslu eða til neyslu heima fyrir, t.d. bómull, te, kaffi, kakó, tóbak, sykur og jarðhnetur. Almennt varð ekki uppstokkun á þessari arfleifð útflutningsmiðaðrar landbúnaðarframleiðslu þegar löndin fengu sjálfstæði.

Megininntak þeirra skipulagsbreytinga á ríkisrekstri og hagstjórn sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn settu sem skilyrði fyrir lánveitingum og annarri þróunaraðstoð uppúr 1980 var aðlögun að opnu markaðskerfi á heimsvísu. Ráðgjafar alþjóðlegra fjármálastofnana hvöttu til aukningar á sérhæfðri ræktun til útflutnings. Einstök ríki áttu að einbeita sér að framleiðslu og sölu afurða þar sem þau gátu náð forskoti vegna hagstæðra skilyrða sem eru m.a. náttúruleg ræktunarskilyrði og lág laun við vinnuafsfreka ræktun. Í kjölfarið jókst víða ræktun á grænmeti, ávöxtum og afskornum blómum sem flutt eru flugleiðis á markað í Vestur-Evrópu. Í Keníu eru þessar afurðir nú í þriðja sæti yfir útflutningsverðmæti á eftir te og kaffi sem eru dæmigerðar söluafurðir frá nýlendutímanum í austanverðri Afríku. Evrópskir stórmarkaðir stjórna megninu af grænmetisútflutningnum og ræktun fer fram á stórum og fjársterkum býlum. Þessi vaxtarbroddur í landbúnaði er því ekki talinn líklegur til umbreytinga hjá smábændum í Keníu.

Skiptar skoðanir eru um ágæti þess að leggja áherslu á sérhæfða ræktun til útflutnings í Afríku. Fylgjendur þeirrar stefnu benda á að afurðirnar séu mikil-

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

vægar fyrir gjaldeyrstekjur og skapi tekjur fyrir bændur. Miðað við stöðuna í dag telja sumir fáar aðrar leiðir líklegar til almennra framfara í mörgum löndum álfunnar en að auka framleiðni og tekjur í landbúnaði og benda á ræktun fyrir heimsmarkað sem vænlega leið.

Rök gegn áherslunni á framleiðslu til útflutnings tengjast m.a. umræðu um fæðuframboð og vannæringu. Það þykir brýnna verkefni að nýta náttúruauðlindir, faglegan og fjárhagslegan stuðning til að auka fæðuframleiðslu og uppfylla þannig grunnþörf íbúanna fyrir mat, en að afla gjaldeyris sem óvíst er hvort komi hinum fátækari íbúum til góða. Önnur rök snúa að velferðarmálum og kynjasjónarmiðum. Margar rannsóknir sýna að nýjungar í landbúnaði hafa frekar verið kynntar fyrir körlum vegna valdastöðu þeirra í flestum samfélögum sem birtist m.a. í yferráðum þeirra yfir ræktarlandi. Stuðningur við ræktun á útflutningsafurðum er títtnefnt dæmi um yfirfærslu þekkingar, tækni og fjármagns til karla í landbúnaði á sama tíma og lítið hefur verið stutt við konurnar sem borið hafa mesta ábyrgð á ræktun matvæla fyrir heimilið. Einkum hefur verið bent á þrennt í þessu samhengi. Því er haldið fram að auknar tekjur undir stjórn húsbóndans á heimilinu leiði ekki sjálfkrafa til betri næringar barna og að krafa um vinnuframlag konunnar við ræktun söluafurða gefi henni minni tíma til að sinna ræktun á mat fyrir heimilið og eldamennsku. Í þriðja lagi fer land undir söluafurðir sem áður var nýtt til matvælaframleiðslu. Í umfjöllun



Hrísgtrjón steytt í Biombo, Gíneu-Bissá.  
Ljós.: Geir Gunnlaugsson

um skert fæðuöryggi hirðingja á Sahel-svæðinu er m.a. bent á að ræktun sölu-afurða til útflutnings hafi gengið á beitarland þeirra.

### **Náttúruumhverfi, samfélagsþróun og fæða**

Frá sjónarhorni landfræðinnar þarf að huga bæði að áhrifaþáttum í náttúru-umhverfi og samfélagsþróun, á mismunandi landfræðilegum kvörðum, til að átta sig á takmörkunum og tækifærum í landbúnaði og fæðuframleiðslu. Með landfræðilegum kvörðum er átt við allt frá staðbundnum svæðum, sem skilgreind eru út frá náttúrufarslegum þáttum eða stjórnsýslueiningum, til jarðarinnar í heild þar sem áhrifaþættir eru t.d. hækkun hitastigs á jörðinni og hnattvæðing efnahagslífs.

Nú á tímum skipta náttúrufarslegar aðstæður meira máli fyrir landbúnað í Afríku sunnan Sahara en á flestum efnahagslega þróaðri svæðum. Meginástæðan er skortur á fjármagni til að hafa áhrif á nýtingu vatns og jarðvegs. Eins og dæmi frá Sádi-Arabíu og Ísrael sýna er hægt að breyta eyðimörk í ræktunarsvæði ef nógu miklu er kostað til.

Í Afríku sunnan Sahara eru áveitukerfi á innan við 4% ræktanlegs lands á meðan sambærileg tala fyrir Suður-Asíu er 42%. Hluta af þessum mun má skýra með því að lítið er um stóra árdali og frjósama óshólma í Afríku en slík svæði eru kjöraðstæður fyrir áveitukerfi. Þó að lítið sé um frjósaman jarðveg sem myndast hefur af framburði stórflijóta má finna góðan eldfjallajarðveg á svæðinu umhverfis stóru vötnin Þrjú, Viktoríuvatn, Tanganyka og Malavívatn, í austanverðri Afríku. Þar hafa þróast þéttbýlustu landbúnaðarsvæði Afríku sunnan Sahara í Úganda, Búrúndí, Rúanda og Malaví.

Skortur á áveitukerfum þýðir að flestir bændur eru háðir árstíðabundinni úrkomu á ræktar- og beitarlöndum. Á þurrari svæðum þarf lítið út af að bera í tímasetningu, stöðugleika og magni úrkomu til að uppskera misfarist. Samkvæmt mati Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna er meðalúrcoma það lítil á rúmlega helmingi lands í sunnan- og vestanverðri Afríku að það telst veruleg hindrun við ræktun sem háð er regnvatni. Í Austur- og Mið-Afríku er úrkomuskortur minna vandamál en þar dregur lélegur jarðvegur mest úr gæðum náttúrulegra ræktunarskilyrða.

Ég gerði mér grein fyrir því hve margbreytileg vandamál tengjast ræktun á svæðum með lága meðalúrkomu eftir að hafa hlustað á frásagnir fjölda kvenna sem búa á þurru svæði í Zimbabve. Fyrstu vikurnar eftir að maís var plantað við upphaf regntímans virtust vera áhættusamasti tíminn. Ef hlé varð á úrkomunni

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

skrælnuðu smáar plönturnar fljótt í sólinni og ef regnið varð of mikið og frárennsli var ekki nægilega gott var hætta á að þær eyðilegðust af að standa í vatni.

Eldri konum var tíðrætt um hve úrkoman væri orðin óstöðug í seinni tíð, þ.e. á níunda og tíunda áratugnum en veðurfarsgögn sýna vaxandi óstöðugleika í vindakerfum sem bera regn til sunnan- og austanverðrar Afríku. Fyrir utan uppskerubrest voru afleiðingar þurrkanna miklu 1991-1992 á umræddu svæði í austurhluta Zimbabves þær að nánast öll húsdýr bænda vesluðust upp og drápu. Má líkja því við að fólk tapi öllu sparifé sínu því að venjan var að fjárfesta í nautgripum eða geitum.

Samfélög hirðingja á þurrum svæðum eins og Sahel-svæðinu urðu einnig fyrir miklum áföllum í þurrkum á áttunda og níunda áratugnum. Auk þess að missa nautgripi og úlfalda neyddust margir til að selja þau dýr sem eftir lifðu fyrir lágt verð til kaupenda frá borgum eða svæðum sem ekki urðu eins illa úti í þurrkum. Eftir þessi áföll hefur geitum og kindum fjölgað á svæðinu, en þær þykja harðgerðar og eru eftirsótt kjötmeti á hátíðisdögum.

Fjölmargir samfélagslegir þættir hafa áhrif á landbúnaðarframleiðslu og fæðuöryggi. Má þar nefna pólitíska stefnumótun og efnahagssumhverfi bæði innan einstakra ríkja og á alþjóðavettvangi. Dæmi um hnattrænt efnahagssumhverfi eru áhrif sveiflna í eftirspurn, samkeppnisstöðu og verði á vörum sem afrískir bændur framleiða fyrir alþjóðlegan markað en einnig sveiflur í verði á innfluttum aðföngum til framleiðslunnar, t.d. áburði. Ef fátækur ræktandi hefur ekki efni á því að nota áburð leiðir það til minni uppskeru, ekki síst á svæðum þar sem mikilvæg næringarefni skortir í jarðveginn. Þegar litið er á fæðuöryggi getur hækkun á heimsmarkaðsverði á algengustu korntegundum dregið úr möguleikum fátækra ríkja á að kaupa matvæli til að bregðast við áföllum.

Þær breytingar á efnahagsstjórn sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn settu sem skilyrði fyrir lánveitingum til skuldugra ríkja upp úr 1980 höfðu víðtæk áhrif á framleiðslu- og markaðsumhverfi bænda í Afríku. Draga átti úr ríkisútgjöldum og láta hinn frjálsa markað ráða á sem flestum sviðum. Þetta þýddi að leggja þurfti niður ríkisstofnanir sem í mörgum löndum stýrðu framleiðslu, markaðssetningu og verði á helstu landbúnaðarvörum. Þessar stofnanir sáu t.d. um að útvega fræ, áburð og annað sem þurfti til framleiðslunnar og greiddu síðan fast verð fyrir uppskeruna, að frádregnum aðföngum sem bóndinn fékk til framleiðslunnar. Kerfið hafði m.a. verið gagnrýnt fyrir það að hafa haldið niðri verði til bænda í matvælaframleiðslu til að tryggja aðgengi borgarbúa að ódýrum matvæl-

## MAGNFRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

um. Bændur hafi því þurft að bera kostnaðinn af viðleitni stjórnvalda til að draga úr spennu og mótæmum í borgum. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi voru á hinn bóginn þau að það stuðlaði að jöfnuði á milli svæða þannig að öllum bændum, óháð búsetu, væri tryggð ákveðin þjónusta og verð fyrir vörur sínar.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að áhrif þess að skipta frá ríkisstýringu yfir í markaðsvæðingu í landbúnaði hafi verið breytileg eftir löndum og bændum. Bændum, sem búsettir eru í nágrenni borga og samgönguæða, hefur almennt gengið betur að aðlagast breytingunum vegna nálægðar við markað á meðan bændur á afskekktum svæðum hafa átt í erfiðleikum með að ná í aðföng og selja uppskeruna. Aukinn svæðisbundinn ójöfnuður er því sjáanlegur. Ræktendur útflutningsafurða bættu oft hag sinn eftir gengisfellingar sem voru hluti af aðgerðunum. Á móti kom þó að innflutt aðföng hækkuðu í verði.

Verð á helstu matvælum hækkaði víða í kjölfar markaðsvæðingarinnar og það hefur leitt til þess að fátækustu borgarbúarnir búa við minna fæðuöryggi. Aðgengi að mat frá ættingjum til sveita getur skipt sköpum um það hvernig fátækustu borgarbúunum reidið af og einnig hvort þeir hafa möguleika á að rækta eigin matvæli. Aukning hefur orðið í ræktun innan borgarmarka þar sem ýmis auð svæði eru nýtt, t.d. með fram vegum. Yfirleitt er plantað án leyfis yfirvalda sem eiga það til að eyðileggja slíka ræktun þar sem hún telst vera ólögleg nýting á landi.

Stuðningur iðnríkja við eigin landbúnað, tollar, innflutningskvótar og sífellt vaxandi kröfur um að vottorð, t.d. um uppruna, fylgi matvælum getur reynst mikil hindrun fyrir bændur á fátækari svæðum við að koma vörum sínum til fjársterkra neytenda.

Markmiðið með starfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) er að vinna að afnámi viðskiptahindrana og öllu sem truflar hinn svonefnda frjálsa markað. Þó að þetta hljómi sem góður kostur fyrir lönd með lágan framleiðslukostnað heyrast líka áhyggjuraddir um möguleika margra Afríkuríkja til að auka tekjur sínar með sölu á alþjóðlegum markaði.

Sem fyrrum nýlendur Evrópuríkja hafa fátækari lönd álfunnar notið góðs af sérstökum viðskiptasamningum við Evrópusambandið (EU) sem falist hafa í innflutningskvótum þar sem borgað er mun hærra verð fyrir afurðina en heimsmarkaðsverð. Það felur í sér að þau fá svipað verð og evrópskir bændur sem njóta ríkisstuðnings. Samkvæmt reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ber að afnema slíka sér-samninga þar sem allir eiga að hafa sama aðgang að markaði. Fyrirsjáanlegar afleiðingar eru hrun í útflutningstekjum hjá löndum eins og Svasílandi sem selt hefur

mikið af sykri til Evrópu í skjóli þessara samninga. Mikil óvissa ríkir um það hvernig landbúnaðarvörum frá Afríku muni vegna í opinni samkeppni í sömu afurðum við vaxandi stórveldi á heimsmarkaði, t.d. Brasilíu og ýmis Asíulönd.

### **Styrkir til bænda iðnríkja ógna bómullarframleiðslu**

Milljónir smábænda rækta bómull víða í Afríku til að afla tekna fyrir heimilið, samhliða ræktun maíss eða annarra matjurta til neyslu. Hér verður sjónum beint að mikilvægi bómullarræktunar í mörgum löndum í vesturhluta Afríku, þ.m.t. á Sahel-svæðinu, og baráttu fulltrúa þessara landa gegn miklum, opinberum stuðningi við bómullarrækt í Bandaríkjunum og Evrópu.

Í maí 2003 sendu fjögur ríki, Benín, Búrkína Fasó, Tchad og Malí, formlegt erindi til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þar sem færð voru rök fyrir því að opinber stuðningur samræmdist ekki markmiðum stofnunarinnar um að viðskipti með landbúnaðarvörur ættu að ráðast af markaðsviðmiðum. Með markaðsviðmiðum er m.a. átt við að verð vöru ráðist af framboði og eftirspurn auk framleiðslukostnaðar. Opinber stuðningur af ýmsu tagi til framleiðslu og sölu þýðir í raun að ríkið greiðir hluta af kostnaðinum og því getur bóndinn selt bómullina á lægra verði en kostar að framleiða hana í raun. Verðmyndunin fer því ekki eftir markaðsviðmiðum. Opinber stuðningur við bómullarrækt í Bandaríkjunum og Evrópu var sagður ógna fjárhagslegri afkomu milljóna fátækra bænda í Afríku með því að stuðla að lækkandi heimsmarkaðsverði á bómull. Í raun ættu þeir sem mest skekkja heimsmarkaðsverð með niðurgreiðslum að vera bótaskyldir vegna tekjutaps afrísku bændanna.

Forsaga málsins er sú að bómull hefur verið ræktuð sem söluafurð í Vestur-Afríku í um 100 ár en síðustu þrjá áratugi hefur orðið mikil framleiðsluaukning þar sem sífellt fleiri hafa hafið ræktun (framleiðslan jókst úr 200 þúsund tonnum í eina milljón tonna). Bómull er ræktuð á um tveimur milljónum býla og um 16 milljónir manna njóta tekna af ræktuninni. Meirihluti bómullarinnar er ræktaður af heimilisfólki á smábýlum sem eru 3-10 hektarar að stærð (hektari er 10 000 m<sup>2</sup>). Til samanburðar eru býlin, sem njóta opinbers stuðnings í Bandaríkjunum (um 25 þúsund býli) og í Evrópu (nokkur þúsund á Spáni og Grikklandi), 100-250 hektarar að stærð, vélvædd og nota mikið af áburði og skordýraeitri við framleiðsluna.

Bómullin frá Vestur-Afríku er hágæðavara og fer stærsti hluti framleiðslunnar til útflutnings og verður m.a. að gallabuxum sem eru saumaðar í Túnis og Kína. Svæðið er með um 15% heimsmarkaðshlutdeild í sölu á bómull, næstmest á eftir Bandaríkjunum. Í ríkjunum fjórum, sem reka „bómullarmálið“ fyrir Alþjóðavið-



Terækt í Keníu.  
Ljós m.: Jón Geir Pétursson

skiptastofnuninni, kemur stór hluti útflutningstekna landanna af bómullarsölu eða 51% í Búrkína Fasó, 37% í Tchad og 25% í Malí (árið 2001). Þessi lönd fluttu einnig út mest magn ásamt Fílabeinsströndinni og Kamerún, en vægi bómullar í útflutningstekjum var þó mun minna í síðastnefndu löndunum (3-5%).

Framleiðsluaukning á bómull er oft tekin sem dæmi um jákvæða þróun í umfjöllun um landbúnað í Vestur-Afríku því hún hefur aukið tekjur heimila, héraða og landa. Sérstaklega á þetta við um svæði þar sem valkostir í ræktun eru takmarkaðir vegna lítillar úrkomu. Jákvæð hliðaráhrif átaks í bómullarræktun til útflutnings hafa verið aukin fæðuframleiðsla þar sem ráðgjöf og þjónusta við ræktun og markaðssetningu bómullar hefur einnig

styrkt ræktun korntegunda, svo sem maíss, hirsis og dúrru. Á sumum svæðum hefur reynst árangursríkt að rækta maís og bómull á víxl á sömu ökrunum og þróun í framleiðsluaukningu beggja tegunda verið svipuð. Gagnrýnisráddir heyrast líka um að fátækustu smábændurnir hafi ekki getað nýtt sér þessa leið til bættrar afkomu, m.a. vegna skorts á dráttardýrum og fjármagni til að hefja ræktun bómullar. Einnig er bent á ótryggar tekjur vegna sveiflna í heimsmarkaðsverði. Bændur í þessum heimshluta bera sjálfir kostnað af niðursveiflum í verði á meðan opinber stuðningur ver bómullarræktendur í ríkari hluta heimsins fyrir sveiflum.

Á tímabilinu 1997-2002 lækkaði heimsmarkaðsverð á bómull um 39% og fulltrúar Vestur-Afríkúríkja benda á að aukið framboð á heimsmarkaði á niðurgreiddri bómull frá Bandaríkjunum sé veigamikil skýring á því. Einnig beina þeir gagnrýni sinni að miklum niðurgreiðslum Evrópusambandsins. Stuðningur Bandaríkjanna við bómullarframleiðslu frá árinu 2000 er talinn vera 2-3 milljarðar Bandaríkjadala á ári. Bændur á Spáni og Grikklandi fengu um 700 milljónir frá Evrópusambandinu vegna bómullarræktunar framleiðsluárið 2001-2002 og var styrkur vegna hvers framleidds kíló af bómull langt yfir

heimsmarkaðsverði. Í Bandaríkjunum kostaði 80-90 sent að framleiða eitt pund af bómull árið 2002 en um helmingi minna í Vestur-Afríku. Um 60% af framleiðslukostnaði var niðurgreiddur í Bandaríkjunum og bómull seld þaðan á heimsmarkaðsverðinu 50 sent.

Af þessum dæmum ætti að vera ljóst að ef markaðsviðmið réðu ein, myndu bómullarframleiðendur í Evrópu og Bandaríkjunum fljótt verða gjaldþrota ef þeir fengju bara upp í lítinn hluta framleiðslukostnaðar við sölu. Það er mótsagnarkennt að þeir sem hrópað hafa hæst um nauðsyn frjálsra markaðsviðskipta, sem lykilatriðið í hnattrænum efnahagsumbótum, veiti ýmiss konar styrki til framleiðenda heima fyrir til að reyna að gera vöru þeirra samkeppnishæfa á heimsmarkaði. Í því samhengi skiptir væntanlega máli að stjórnámálamenn, sem taka ákvarðanir um hvernig nota á opinbert fé, eru kosnir af samlöndum sínum en ekki bændum í öðrum heimsálfum.

Bómullarmálið var eitt af deilumálum í samningabófi á sjöttu ráðherraráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í desember 2005. Umfjöllun um málið í lokayfirlýsingu ráðstefnunnar var slegið upp í fjölmiðlum sem sigri fyrir málstað þróunarlanda. Þegar rýnt er í textann er lítið handfast um afnám niðurgreiðslna heima fyrir. Aðeins er staðfest að yfirlýst markmið sé að hætta öllum beinum útflutningsbótum árið 2006 og að „minnst þrouð ríki“ eigi að hafa frjálsan aðgang að mörkuðum í ríku löndunum.

### **Umráðaréttur yfir landi og nýting lands**

Umráðaréttur yfir landi, landnotkun og skipting lands á milli samfélagshópa er umdeilt málefni. Ein deilan snýst um það hvort hefðbundinn sameignarréttur á landi sé hamlandi fyrir framþróun í landbúnaði og ýti undir ofnotkun á landi sem samnýtt er af fólki á tilteknu svæði.

Viðtekin afrísk sýn á tengsl fólks og lands er að hver kynslóð hafi afnotarétt af landsvæði sem viðkomandi hópur, sem oftast er tengdur ættarböndum, hefur haft umráðarétt yfir í langan tíma. Þó að bæði finnist dæmi um samfélög þar sem erfðir eru í kvenlegg og í karlegg er hið síðarnefnda algengast nú. Þá er venjan að úthluta landi fyrir hús og akuryrkju til karlmannna þegar þeir kvænast. Yfirleitt helst slíkt land innan sömu fjölskyldu þó að formlega sé það skilgreint sem sameign hins staðbundna samfélags og ábúanda því ekki heimilt að selja það til utanaðkomandi. Þessi sameignarsýn er andstæð hugmyndum um einkaeignarrétt á landi sem Evrópubúar fluttu með sér til Afríku.

## MAGNFRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

Rökin fyrir því að sameignarétturinn hamli framþróun í landbúnaði eru þau að erfitt sé fyrir bændur að fá bankalán þar sem ekki sé hægt að setja land, sem þeir eiga ekki formlega, sem veð fyrir greiðslu láns. Einnig er því haldið fram að það fæli bændur frá því að fjárfesta í búskapnum ef þeir eiga ekki landið. Þessu er andmælt með þeim rökum að umráðarétturinn sé í raun yfirleitt mjög öruggur og erfist innan fjölskyldna. Rök gegn því að sameignarrétturinn víki fyrir einkaeignarréttarforminu eru þau að hætta sé á að efnaminna fólk missi afnotarétt af landi vegna skulda eða sölu í neyð. Út frá sjónarhorni kvenréttinda er einnig bent á að þar sem breytt hefur verið yfir í einkaeignarréttarformið hafi karlmenn einir verið skráðir sem eigendur og það geri réttarstöðu kvenna ótryggari en í sameignarkerfinu. Stafar það m.a. af því að konur í landbúnaðarhéruðum Afríku hafa yfirleitt ekki erfðarétt gagnvart maka eða rétt til helmingaskipta hjúskapareigna við skilnað.

Mjög ójöfn landskipting þróaðist á nýlendutímanum í þeim löndum sem ein-kenn dust af búferlaflutningi fólks frá nýlenduveldum til að stunda búskap í nýlendunum. Dæmi um þetta eru einkum frá sunnanverðri Afríku, í Suður-Afríku, Namibíu og Zimbabve. Þar skiptu fulltrúar nýlenduveldanna löndunum upp í afrísk og evrópsk svæði og studdu dyggilega við uppbyggingu afkastamikils landbúnaðar á stórbýlum Evrópubúa, á svæðum þar sem náttúrufarsleg skilyrði til landbúnaðar voru hagstæðust. Íbúarnir, sem bjuggu þar fyrir, voru reknir af landinu og þurftu að bjarga sér með lítilli opinberri aðstoð á úrkomulitlum svæðum þar sem möguleikar voru litlir til að fæða og klæða vaxandi íbúafjölda. Neyddust því margir karlmenn til að sækja vinnu í námum og borgum til að afla tekna á meðan konur, börn og gamalmenni sáu um bústörf.

Í Zimbabve var háð vopnuð sjálfstæðisbarátta á áttunda áratugnum til að endurheimta landið. Það urðu þó engar róttækar breytingar á landskiptingunni fyrstu 20 árin eftir að landið fékk sjálfstæði þrátt fyrir áætlanir um að flytja fólk í stórum stíl af afrísku svæðunum til betri ræktarlanda. Um sex milljónir íbúa bjuggu enn við rýran kost á fyrrum afrískum svæðum á tíunda áratugnum á meðan nokkur þúsund stórbændur af evrópskum uppruna og alþjóðleg fyrirtæki ræktuðu aðallega tóbak til útflutnings á besta ræktarlandinu og nýttu landbúnaðarverkamenn til vinnu. Umræðan hér frammar um kosti og galla þess að leggja áherslu á ræktun til útflutnings á því vel við um þróunina í Zimbabve.

Breytingar urðu á yfirráðum á landbúnaðarlandi árið 2000 þegar stjórnvöld studdu, eða hindruðu a.m.k. ekki, landtöku fyrrum hermanna úr sjálfstæðisbaráttunni. Settust þeir að á stórbýlum á evrópsku svæðunum og hröktu ábúendur

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

burt. Þessi atburðarás varð í kjölfar vaxandi óánægju almennings með versnandi kjör á tíunda áratugnum og stjórn sama stjórnmalaflokks og forseta frá 1980.

Skýringar á niðursveiflunni í efnahagslífinu eru mismunandi. Sumir kenna um áður nefndum breytingum hagkerfisins í átt að markaðsvæðingu sem Zimbabve tók upp árið 1991. Aðrir leggja áherslu á þurrka, alnæmisfaraldur, óstjórn í efnahagsmálum og hernaðarútgjöld vegna þátttöku í stríðinu í Alþýðulýðveldinu Kongó. Óánægja almennings leiddi til þess að fyrsti stjórnmalaflokkurinn, sem náði að ógna valdi Mugabes forseta og flokks hans, ZANUPE, var stofnaður. Flokkur stjórnarandstöðunnar samanstóð af fulltrúum verkalýðsfélaga, ýmissa frjálsra félagasamtaka, t.d. kvannahreyfinga, trúfélaga og mannréttindasamtaka, auk fulltrúa stórbænda af evrópskum uppruna. Afleiðingar af yfirtöku stórbýlanna voru m.a. þær að ýmsir fulltrúar alþjóðasamfélagsins sneru baki við stjórnvöldum í Zimbabve, hrún varð á útflutningi landbúnaðarafurða og efnahagskreppan jókst til muna. Enn er ekki ljóst hvaða áhrif landtakan hefur á aðgengi smábænda að betra ræktarlandi en það var meginbaráttumál sjálfstæðisbaráttunnar eins og áður hefur komið fram.

Annað dæmi um deilur um skiptingu og notkun lands í Afríku sunnan Sahara eru þau miklu landsvæði sem skilgreind voru sem þjóðgarðar og svæði fyrir villt dýr á nýlendutímanum. Í sunnanverðri Afríku er algengt að 10-20% af landsvæði einstakra ríkja fari undir þá landnotkun og í Zambúu er um þriðjungur landsins þjóðgarðar og svæði fyrir villt dýr. Á sumum þessara svæða eru seld veiðileyfi þannig að ekki er hægt að tala um friðlönd fyrir dýrin í öllum tilvikum. Í nokkrum löndum hefur þróunin verið sú að svæðum í einkaeign fyrir villt dýr hefur fjölgað. Hægt er að líta á þau sem villidýrabúgarða þar sem eigendurnir byggja afkomu sína á ferðamönnum, einkum veiðimönnum.

Fólk, sem bjó á friðuðu svæðunum, var rekið út fyrir mörk þjóðgarðanna og bannað að nýta náttúruauðlindir þeirra. Leiddi það oftast til versnandi lífskjara. Nýrri hugmyndir um að hið staðbundna samfélag taki þátt í stjórnun auðlinda á viðkomandi svæði og stuðningur við réttindi innfæddra hafa leitt til fjölgunar verkefna sem miða að því að samræma verndarsjónarmið og hagsmuni heimamanna. Þau geta t.d. falist í því að samfélög í næsta nágrenni þjóðgarða njóti meiri tekna af heimsóknum ferðamanna. Rannsóknir á áhrifum slíkra verkefna sýna þó flestar að hagnaður einstakra heimila er hverfandi. Þessi umræða vekur óneitanlega upp spurningar um hvaða hagsmunir eigi að ráða mestu þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun. eru það hagsmunir dýranna,

ferðamanna, stórra landeigenda, hirðingja eða smábænda sem notað hafa landið sér til framfærslu?

### Lífsafkoma, fólksfjölgun og fæðuöryggi

Í kaflanum hefur verið komið inn á nokkra af meginþáttunum í umfjöllun um þróun fólksfjölda og landbúnaðar í Afríku sunnan Sahara. Ekki gafst rými til að gefa innsýn í nema brot af þeim mikla fjölbreytileika í aðstæðum og samfélagsþróun í álfunni, sem hefur áhrif á þessa stóru málaflokka. Ljóst ætti þó að vera að fólksfjölgun ein og sér er ekki meginvandinn sem samfélög í Afríku glíma við og að íbúar þar taka ákvörðun um barneignir út frá staðbundnum aðstæðum, eins og í öðrum hlutum heimsins. Þættir sem ógna lífslíkum barna og öruggri lífsafkomu almennings eru enn margir og úrbætur nauðsynlegar ef stefnt er að lækkun fæðingartíðni. Þróun heilsugæslu, landbúnaðar, atvinnutekna, menntunar, jafnréttis og aukin borgvæðing eru allt þættir sem skipta máli. Einnig hefur verið fjallað um þann vanda sem skapast hefur í kjölfar alnæmis, einkum í sunnanverðri Afríku, og sveiflur á heimsmarkaðsverði sem afrískir smábændur eru ekki varðir fyrir á sama hátt og bændur í ríkum löndum. Þar sem meiri hluti afrískra bænda er háður úrkomu til ræktunar eru veðurfarsbreytingar vaxandi ógn við landbúnað á sumum svæðum. Ef spár ganga eftir eru líkur á að sá þáttur valdi alvarlegum vanda á þéttbýlustu landbúnaðarsvæðum álfunnar á næstu áratugum – og orsakir veðurfarsbreytinganna verða seint raktar til fjölgunar og lífsstíls Afríkubúa.

### Heimildir

- Bandarage, Asoka (1997). *Women, Population and Global Crisis: A Political-Economic Analysis*. London: Zed Books.
- Briggs, John (2004). Agricultural production in eastern and southern Africa: issues and challenges. Í D. Potts og T. Bowyer-Bower (ritstj.), *Eastern and Southern Africa: Development Challenges in a Volatile Region* (bls. 167-197). Harlow: Pearson.
- de Waal, Alex (1997). *Famine Crimes: Politics and the Disaster Relief Industry in Africa*. Oxford: James Currey.
- Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) (2005). *Economic and Social Importance of Cotton in West Africa: Role of Cotton in Regional Development, Trade and Livelihoods*. Paris: Sahel and West Africa Club Secretariat/OECD.
- FAO (2005a). *The State of Food and Agriculture 2005. Agricultural Trade and Poverty. Can Trade Work for the Poor?* Rome: FAO. Skoðað 9. apríl 2007 á [www.fao.org/docrep/008/a0050e/a0050e00.htm](http://www.fao.org/docrep/008/a0050e/a0050e00.htm)

## II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

- FAO (2005b). *The State of Food Insecurity in the World 2005. Eradicating World Hunger – Key to Achieving the Millennium Development Goals*. Rome: FAO. Skoðað 9. apríl 2007 á [www.fao.org/docrep/008/a0200e/a0200e00.htm](http://www.fao.org/docrep/008/a0200e/a0200e00.htm)
- FAO (2006). *The State of Food and Agriculture 2006. Food Aid for Food Security?* Rome: FAO. Skoðað 9. apríl 2007 á <http://www.fao.org/docrep/009/a0800e/a0800e00.htm>
- Mannfjöldasvið Sameinuðu þjóðanna (UN Population Division) (2006). *World Urbanization Prospects. The 2005 Revision*. New York: UN/ESA. Skoðað 9. apríl 2007 á [www.un.org/esa/population/publications/WUP2005/2005wup.htm](http://www.un.org/esa/population/publications/WUP2005/2005wup.htm)
- (2007). *World Population Prospects. The 2006 Revision. Highlights*. New York: UN/ESA. Skoðað 9. apríl 2007 á [www.un.org/esa/population/publications/wpp2006/wpp2006\\_highlights.pdf](http://www.un.org/esa/population/publications/wpp2006/wpp2006_highlights.pdf)
- Melber, Henning (2005). Globalisation and (de-) regionalisation: Southern Africa in times of trade liberalisation. Í H. Melber (ritstj.), *Trade, Development, Cooperation: What Future for Africa?* (bls. 35-44). Current African Issues no. 29, Uppsala: Nordiska Afrikainstitutet.
- Mortimore, Michael (2003). *The Future of Family Farms in West Africa*. IIED Drylands Programme, Issues paper no. 119. London: International Institute for Environment and Development.
- Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) (2006). *Human Development Report 2006. Beyond Scarcity: Power, Poverty and the Global Water Crisis*. New York: UNDP. Skoðað 9. apríl 2007 á <http://hdr.undp.org/hdr2006/pdfs/report/HDR06-complete.pdf>
- Toulmin, Camilla og Bara Guèye (2005). Transformations in regional agriculture and family farming. Í R. Cline-Cole og E. Robson (ritstj.), *West African Worlds: Paths through Socio-Economic Change, Livelihoods and Development* (bls. 151-190). Harlow: Pearson.

### Heimasíður

- Afríska hrísgrjónastofnunin (African Rice Center): [www.warda.cgiar.org](http://www.warda.cgiar.org)
- Alnæmissvið Sameinuðu þjóðanna (UNAIDS): [www.unaids.org](http://www.unaids.org)
- Alþjóðlegu matvælavæðingunin (World Food Prize): [www.worldfoodprize.org](http://www.worldfoodprize.org)
- Efnahags- og framfarastofnunin (OECD): [www.oecd.org](http://www.oecd.org)
- Hagstofa Íslands: <http://www.hagstofa.is/>
- Mannfjöldasvið Sameinuðu þjóðanna (UN Population division): [www.un.org/esa/population/unpop.htm](http://www.un.org/esa/population/unpop.htm)
- Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO): [www.fao.org](http://www.fao.org)
- Norræna Afríkustofnunin: [www.nai.uu.se](http://www.nai.uu.se)